

Fundargerð

22. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 8. mars 2022, á Zoom,

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, ~~Kári Steinn Karlsson~~, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 21. samþykkt. Staðfestar rafrænar ákvarðanir stjórnar þ.e. European Throwing Cup - Leiria Portúgal, flutning á Meistaramóti öldunga á helgina 2.-3.apríl, staðfestir ársreikningar FRÍ og FRÍ ehf., tilkynning um val á HM innanhúss sem fram fer í í Belgrad Serbíu 18-20 mars.

2. Ársþing FRÍ

Farið yfir undirbúning og tímasetningar. Ársreikningar tilbúnir og staðfestir, rafræn undirritun fer fram í vikunni. Farið yfir þinggögnin, skjölin merkt upp. Skýrsluvinna, rætt um skýrslu og efnistö. Skýrslan á lokastigum. Nefndir þings, formanni, ritara, framkvæmdastjóra og verkefnastjóra falið að ganga frá skipan. Dagskrá á lokastigum.

3. 75 ára afmæli FRÍ

Afmælistót á Selfossi, farið yfir upplýsingar um mótið. Rætt um fleiri atriði s.s. viðburð að hausti.

4. Tæknimál

Formaður og verkefnastjóri gerðu grein fyrir stöðu vinnunar er verðar breytingar m.a. á heimasíðu. Einnig rætt um önnur tæknimál er varðar mótaskrá og afreksskrá.

5. Önnur mál

A. Aðalfundur. Ritari gerði grein fyrir aðalfundi FH, fluttar voru kveðjur FRÍ. Formaður gerði grein fyrir aðalfundi Ármanns, formaður flutti kveðjur.

B. Laugardalur. Formaður gerði grein fyrir íbúafundi í Laugardal þar sem m.a. var fjallað um nýjan þjóðarleikvang.

C. Heimsókn mennta- og barnamálaráðherra. Starfsmenn skrifstofu segja frá heimsókn ráðherra í Laugardal.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:59 með því að fundarmenn ræddu alþjóðamálin og mikilvægi íprótta.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson, ritari FRÍ.